

REGLUR**um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.**

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silungsneti í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neti eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar eru settar skv. heimild í IV. kafla laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og varða refsingu skv. XVI. kafla þeirra laga. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 455.

25. júlí 1980.

GJALDSKRÁ**Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.****1. gr.****1.1 Efnagreiningaþjónusta.**

Til grundvallar eru: (fyrir verkefni vegna innlends iðnaðar skal gefinn 30% afsláttur).

	Frá 1. júní 1980	
	kr./tíma	
	kr./tíma	m/30% afsl.
A.2. Sérfræðingstími með tækjanotkun eða tilraunaaðstöðu ..		
15.84		
(BHM-111-5, mán. laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4	13 406	9 384
A.4. Rannsóknamannstími með tækjanotk. eða tilraunaaðstöðu		
15.84		
(BSRB-014-3, mán.laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4	10 533	7 373

1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.

	tímaein.	kr.	m/30% afsl.
Sykurefni (með aðferð Fehlings)	0.6	6 320	4 424
Sterkja (í kjötmeti)	0.9	9 480	6 636
Kalsíum	0.5	5 267	3 687
Fosfór	0.5	5 267	3 687
Aska	0.3	3 160	2 212